



Umhverfis- og samgöngunefnd
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 15. janúar 2024

Efni: Umsögn stjórnar SSNE um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 535. mál.

Stjórn SSNE vill byrja á að fagna gerð endurskoðaðrar landsskipulagsstefnu. Landskipulag er mikilvægt tæki til samræmingar aðgerða og uppbyggingar á landinu öllu og mikilvægt að þar sé vandað til verka. Þá vill stjórn SSNE fagna því að svæðisborgin Akureyri sé þarna nefnd í áherslum þingsályktunarinnar, en það er mikilvægt skref í átt að því að efla landið allt framtíðar.

Í kafla V í þingsályktuninni er lögð fram aðgerðaáætlun 2024-2028 sem er um margt ágæt. Þó vekur þar sérstaka athygli að í lið 8. og 9. þar sem fjallað er um gerð strandsvæðisskipulags fyrir Eyjafjörð og Skjálfandaflóa að ekki er gert ráð fyrir að sú vinna hefjist fyrr en árið 2025. Er það í ósamræmi við Fjárlög 2024, en þar kemur fram í umfjöllun undir málefnaviði 31.20 Skipulagsmál; Markmið 2: Mótun stefnu á svæðis- og landsvísu að vinna gera eigi skipulag strandsvæða í Eyjafirði annars vegar og Skjálfanda hins vegar á þessu ári (2024). Vill stjórn SSNE skora á umhverfis- og samgöngunefnd að leiðrétta þetta ósamræmi og tryggja að sú mikilvæga vinna fari af stað á þessu ári eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 2024.

Stjórn SSNE vill jafnframt benda á að ósamræmis gætir á milli áherslna sem birtast í landsskipulagsstefnu og þeirra leiðbeininga sem þar er bent á. Í leiðbeiningum „Mannlíf, byggð og bæjarrými“ kemur fram markmið um að skapa vönduð bæjarrými sem stuðla að því að fólk velji virka ferðamáta og almenningsamgöngur sem sitt fyrsta val. SSNE bendir á að þær áherslur sem birtast í landsskipulagsstefnu eru töluvert frá því að vera jafn afgerandi og leggur til að þetta verði lagfært. Mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að hafa slíkt haldreipi þegar kemur að hagsmunagæslu fyrir almenning.

Þá bendir stjórn SSNE á að til þess að byggja upp umhverfi sem gefur fólki val á á fjölbreyttum ferðamátaum þarf að fjárfesta gríðarlega í öllum samgönguinnviðum, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Núverandi áherslur um vistvænar samgöngur endurspeglast ekki í þeim innviðum sem voru byggðir upp á síðastliðna áratugi. Þörfin fyrir öflugar fjárfestingar er því mikil í öllum sveitarfélögum og í því ljósi vill SSNE benda á að ríkið þurfi að koma sterkar inn í þær fjárfestingar, meðal annars með styrktarsjóðum og bættum áherslum í samgönguáætlun. Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga að engin stofnun í stjórnýslu landsins hefur það hlutverk að annast uppbyggingu innviða fyrir virka ferðamáta, þ.e.a.s. ekki lögum samkvæmt. Að mati stjórnar SSNE þarf að lagfæra þessa brotalöm til þess að markmiðum nýrrar landsskipulagsstefnu verði náð. Þá vill stjórn SSNE benda á að til þess að markmiðum í áherslu A.1 og A.2 sé náð er nauðsynlegt að bæta við aðgerð um að skilgreina grunnet vistvænna samgangna, sambærilegu grunneti vega á landsvísu. Það er mikilvægt að landsskipulagsstefna líti í þessum atriðum til landsins alls, ekki einungis höfuðborgarsvæðisins.



Að lokum tekur stjórn SSNE undir þær athugasemdir sem hafa borist frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og annarra landshlutasamtaka, um mikilvægi þess að stjórnvöld tryggi sveitarfélögunum fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla skyldur sínar í skipulagsgerð, þá sérstaklega í tengslum við umhverfis- og loftslagsmálum. Einnig tekur stjórn SSNE undir mikilvægi þess að verkefnin sem ráðist verður í verði kostnaðarmetin, þar sem það á við, og fjármögnun þeirra tryggð.

Þá vill stjórn SSNE ítreka þá skoðun sína að eðlilegast væri skipulagsvald sveitarfélaganna næði einnig yfir haf- og strandsvæði.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri SSNE.